

Tilgangur skjals: Stuðningsskjal við rannsóknastefnu VIRK til að lýsa leiðum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs hverju sinni til að uppfylla markmið stefnunnar (sjá einnig stefnuskjal VIRK framtíð 2013).

Leiðir að markmiðum eru:

1. Til uppbyggingar á faglegri þróun og starfsemi VIRK:

- Tryggja markvisst og faglegt samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir innanlands og utan með því að vera virkir þátttakendur í innlendu og alþjóðlegu samstarfi
- Tryggja að þekking sérfræðinga VIRK á starfsendurhæfingu sé í takt við bestu þekkingu innanlands og utan meðal annars með þátttöku í innlendum og erlendum ráðstefnum og námskeiðum
- Tryggja aðgengi starfsmanna að innlendum og erlendum upplýsingum tengdum starfsendurhæfingu meðal annars með bættu aðgengi að rannsóknargreinum og öðru efni á rafrænu formi
- Miðla upplýsingum um starfsemi VIRK til almennings og vísindasamfélagsins með birtingu upplýsinga á heimasíðu sjóðsins og öðrum vefmiðlum, skrifa greinar í blöð og ritrýnd tímarit og birta niðurstöður á ráðstefnum tengdum starfsendurhæfingu bæði innanlands og erlendis
- Nýta árangursríkar niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna, á vegum VIRK, sem stuðla að eflingu starfsendurhæfingar á Íslandi og gæðum þeirrar þjónustu sem VIRK veitir á hverjum tíma

2. Til að stuðla að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu:

- VIRK veitir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna í samræmi við ákvarðanir stjórnar á hverjum tíma
- Framkvæmdastjórn tekur ákvarðanir um styrkveitingar til einstakra verkefna
- Reglur og viðmið sem tengjast umsóknarferlinu og úrvinnslu umsókna eru aðgengilegar á vef sjóðsins
- Umsóknir til VIRK um styrk til rannsóknar- og þróunarverkefna eru metnar af fagaðilum innan VIRK sem veita umsögn til framkvæmdastjórnar VIRK varðandi faglegt innihald og mat á kostnaði
- Sérstakir samningar eru gerðir við styrkþega í tengslum við verkefni og framvindu þeirra. Ef óskað er eftir kynna styrkþegar niðurstöður verkefna/rannsókna sinna fyrir starfsmönnum og stjórn VIRK og/eða með greinaskrifum á heimasíðu eða í annarri útgáfu sjóðsins
- VIRK skipuleggur ráðstefnu/málþing um framfarir innan starfsendurhæfingar á 2 - 3ja ára fresti